

Fundur í Betadeild 25. mars 2004

Tónlistarskólanum

Dagskrá

1. *Orð til umhugsunar-Starfið mitt. Sigrún Magnúsdóttir*
2. *Fundargerð síðasta fundar.*
3. *Fréttir frá landssambandinu-Rósá K. Júliusdóttir*
4. *Önnur mál.*
5. *Tónlist. Hvernig verða sinfóniutónleikar til? Magna Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri Tónlistarskólans.*

Anna Þóra setti fundinn og kveikti á kertunum þremur táknum vináttu, trúmannsku og hjálpsemi. Anna Þóra bar kveðjur frá félagskonum sem ekki gátu setið fundinn og bauð sérstaklega velkomnar þrjá gesti þær Önnu Jóhannesdóttur, Eyglóu Björnsdóttur og Ragnheiði Þórsdóttur. 16 konur voru mættar.

1. *Orð til umhugsunar:* Sigrún Magnúsdóttir sagði frá starfi sínu sem forstöðumaður upplýsingasviðs Háskóla Íslands á Akureyri. Upplýsingasvið rekur bókasafn og gagnasmiðju sem er sérhæft tölvuver. Það er stefna upplýsingasviðs að veita sem besta þjónustu, ekki síst fjar nemum víða um land.

Sigrún var áður bókavörður og byggði upp bókasafn háskólans. Hún segir safnkost fremur lítinn en að safnið hafi góðan aðgang að stafrænum tímaritum og rafrænum gögnum. Enn fremur leggi safnið mikla áherslu á upplýsingalæsi nema og starfsfólks. Helstu nýjungar í starfi bókasafns er þjónusta veitt nemum í gegnum Hlöðu en þar er skannaðar inn timaritsgreinar og bókkakaflar með samþykki Fjölis. Háskólinn er eini skólinn á landinu sem býður þessa þjónustu sem vonandi er vísir að landskerfi.

Gagnasmiðjan er sérhæft tölvuver og annast notendaþjónustu – þar er að finna ýmiskonar forrit, skanna og tækjabúnað og búnað sem skólinn lánar til kennslu s.s. ferðatölvur, skjávarpa og myndbandstæki. Í Gagnasmiðju er einnig starfandi þjónustuborð þar er ýmiskonar tölvuvandi greindur og jafnaður. Gagnasmiðja sinnir fræðsluþjónustu, í formi námskeiða og gerð notendaleiðbeininga og sér um innri og ytri vefi háskólans. Ennfremur hefur Gagnasmiðja ábyrgð á tæknimálum í tengslum við fjarkennslu; s.s. WebCT, fjarfundabúnaði og tengslum við fjarenda.

Þriðja verksvið upplýsingasviðs er útgáfa. Útgáfumál háskólans eru öll á einni hendi það er hagræðing að hafa yfirsýn og þekkingu á einum stað.

Auk ábyrgðar á ofamtöldum sviðum felst starf Sigrúnar eimmig í ýmsum þáttum utan þeirra hún situr í fragráði, háskólaráði og sinnir nefndastörfum. Það er af nógu að taka í starfinu hennar Sigrúnar enda er stefnan að vera fremst - alltaf.

2. *Fundargerð :* Hafðóra las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

3. *Fréttir frá landssambandinu.*

Rósá sagði frá ákvörðun um stofnun nýrrar deildar á Vestfjörðum – það verður 9. deild samtakanna. Ingibjörg, formaður útbreiðslunefndar, vinnur að undirbúningi og vitað er að 15-20 konur gangi í samtökin á stofnundi. Á stofnundi verður jafnframt efnt til örráðstefnu.

Rósá minnti á Alþjóðaþingið í Minnisóta. Samtökin verða 75 ára og verður yfirstjórni færðar gjafir.

Delta, Kappa, Gamma styrir fátækjar konur til náms. Nú er hugmynd um að ganga til liðs við UNICEF til styrktar konum í Afríku. Fyrsta upphæð fer frá samtökunum en eftir það sjá deildirnar sjálfar um fjármögnun. Ein hugmynd að safna smápeningum í rauða húfu sem látin verður ganga á fundum.

Það vantar konu til setu í Alþjóðanefnd. Rósa væntir þess að konur taki vel í það ef beðnar.

4. Önnur mál:

Spurt var um nafn nýju deildarinnar á Vestfjörðum – það mun verða Jótadeild.

Margrét Björgvinsdóttir hefur tilkynnt sig sem aukafélaga í deildinni næsta árið

Anna Þóra greindi gestum í stuttu máli frá starfi DKG og afhenti þeim bækling varðandi það.

5. Tónlist. Hvernig verða sírfóniutónleikar til? Auk þess sem Magna er aðstoðarskólastjóri Tónlistarskólans hefur hún verið framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands frá hausti. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands var stofnuð árið 1993 og var arftaki kammerhljómsveitar sem starfað hafði frá árinu 1986. Hljómsveitin er hópur hljóðfæraleikara sem mynda heild. Hljóðfærlar sem koma einkum við sögu heyra til tré- og málmlásturshljóðfæra, slagverks- og strengjahljóðfæra. Hljómsveitina skipa allt frá 35-100 manns auk stjórnda sem er allsráðandi – eða hinn listræni túlkandi. Hljómsveitarstjóri frá upphafi er Guðmundur Óli Gunnarsson. Konsertmeistari, sá er leiðir fiðlurnar, er aðstoðarmaður stjórnda. Það er heilmikið umleikis í kringum svona hljómsveit. Hún er bæði styrkt af Akureyrarbæ og ríkinu og stýrt af hljómsveitarráði skipað fimm manns, þremur frá menningarmálanefnd bæjarins og tveimur hljóðfærafórum. Innan hljómsveitar starfar verkefnaneftir, í henni sitja þrír aðilar skipaðir af hljómsveitarráði – í ráðinu starfa tveir hljóðfæraleikarar ásamt hljór ísveitarstjóra. Starf framkvæmdastjóra hljómsveitarinnar hefur verið að þróast hin síðari ár fréttum að vera 10% starf í 100 %. Framkvæmdastjóri vinnur náið með hljómsveitarstjóra og rótara – sem báðir eru í hlutastarfi. Hljóðfæraleikarar eru ekki fastráðnir enn sem komið er – þeir koma víða að s.s. starfandi kennarar við Tónlistaskólann, nemar þar og fólk sem kemur víða af landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Starfsemi hljómsveitarinnar er háttáð í samræmi við þessa miklu dreifingu hljóðfæraleikara þ.e. samæfing í mikilli skorpu rétt fyrir tónleika. Verkefnaneftir leggur línur fyrir vetrarstarfið. Dagskrá líggur fyrir að vori og ráðnir eru hljóðfæraleikarar í samræmi við dagskrá. Draumurinn er að fá sama fólkið þar sem mikilvægt er að fólk spili sig saman og þekki sitt hljóðfæri eða hljómsveitina og stjórmandann. Tveimur mánuðum fyrir tónleika hefst útdírbúningur. Það þarf að kaupa eða leiga nótur, konsertmeistari yfirfer þær og hljóðfæraleikararnir fá þær í hendur 2-4 vikum fyrir tónleika. Hljómsveitin er illa sett með húsnæði, hefur haft afnot af kirkjum bæjarins – mikill fengur verður af því fyrir hana að hér tilísluminn sé ófálagt. Praktískur undírbúningur er mjög mikill fyrir hverja tónleika – svíðsbygging, dagskrá, gisting, tengsl við fjölmölda auk þess sem veðrið spilar sitt hlutverk hér á hjara þegar svo margir hljómsveitarmeðlimir koma langt að. Hér er í miklu að vasast fyrir framkvæmdastjóra og rótara. Æfingar eru teknar í skorpu frá föstudagskvöldi til sunnudagsmorguns og tónleikarnir síðan á sunnudagseftirmiðdegi. – um er að ræða fíðar tveggja klukkustunda æfingar. Á þessum tíma smellur verkið saman og þá skiptir máli að allir hljóðfæraleikararnir eiga ára og áratugareyntlu að þakki. Í starfsemi sem þessari er mikilvægt að móraðinn sé góður og fólk hafi gaman af því sem það er að gera og hefur sinfóníuhljómsveit Norðurlands á sér orð fyrir að í hópnum ríki sérstök stemning. Eitt hlutverk framkvæmdastjóra er að kenna fólk að fara á og njóta tónleika. Í því sambandi hefur m.a. verið stofnuð svo kölluð sinfonietta – lítil hljómsveit sem fer í skólana í þeim tilgangi að ala ungvíðið á listrænum tónum og rúsínan í pylsuendanum eru svo fylgjedyldutónleikar. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er búin að slíta barnsskónum – verður 10 ára 26. október. Eitt af markmiðum hljómsveitarinnar að spila verk sem sérstaklega hafa verið samin fyrir hana, að jafnaði er samið eitt tónverk ári fyrir hljómsveitina. Að lokum gaf Magna okkur tækifæri til að hlusta á tóndæmi.

7. Fundi slitið. Dregið í happdrætti og boðið upp á kaffi og hinum glæsilegustu veitingar hristar fram úr ermi, rétt si svona. Happdrættisvinninginn hlaut Sigrún Aðalgeirsdóttir

Halldóra Haraldsdóttir